

Laugarás 25.mars 2024

Erindi til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Félagsheimilinu Árnesi

806 Selfoss

Varðar umferðaröryggi á gatnamótum Skeiða- og Skálholtsvegur við Reykjabæi.


Til margra ára hefur undirritaður haft áhyggjur af því að umferðaröryggi sé ábótavant við umrædd gatnamót. Er hér með vakin athygli á því. Samkvæmt upplýsingum sem fyrir liggja, hafa orðið þar þrjú slys frá árinu 2013. Um var að ræða alvarleg meiðsl í einu tilfellinu.

Samkvæmt Ólafi Kr. Guðmundssyni umferðarsérfræðingi eru miklar líkur á að trjágróður sá sem staðsettur er við gatnamótin, nánar tiltekið vestan við þar sem Skálholtsvegur tengist Skeiðavegi, hafi haft áhrif á að þessi slys áttu sér stað. Ástæðan er sú að trén valda skerðingu á útsýni, einkum hjá þeim sem aka Skálholtsveg og hyggjast aka inn á Skeiðaveg. Aðkoma með lengri aðreinum og fráreinum og betri merkingum væri væntanlega einnig til að bæta umferðaröryggi á þessum stað.

Undirritaður hvetur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að leggja sitt að mörkum til að umferðaröryggi verði bætt á umræddum gatnamótum. Ærið tilefni er að mati undirritaðs til að óska eftir því við landeigendur að þeir felli tré sem liggja að umræddum gatnamótum. Auk þess er hvatt til þess að Vegagerðin bæti aðreinar og merkingar.

Í viðhengi er skýringarmynd, er sýnir aðstæður. Myndin er unnin er af Ólafi Kr Guðmundssyni og notuð hér með hans leyfi.

Virðingarfyllt



Kristófer Tómasson íbúi í Laugarási

Sambærilegt erindi sent Vegagerðinni